

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín,
skipulagsfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130100113/ksj

Skipulagslýsing vegna frístundahúsabyggðar í Árbót Aðaldal, Þingeyjarsveit

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um skipulagslýsingu á tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Árbótar í Aðaldal.

Í væntanlegri tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í Árbót mun 1 lóð vera bætt við frístundabyggð er samþykkt var 1990. Einnig er áætlað að gera deiliskipulag af áfanga 2. Í áfanga 2 er gert ráð fyrir 5 nýjum frístundalóðum. Fram kemur í lýsingunni að lóðir liggja að Laxá í Aðaldal en að 200 m fjarlægð sé frá árbakka að lóðamörkum sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár í S- Þingeyjarsýslu nr. 97/2004.

Lög nr. 97/2004 um verndun Laxár og Mývatns og reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að væntanleg tillaga að deiliskipulagi verði unnin í samræmi við ofangreind lög um verndun Mývatns og Laxár. Einnig minnir Umhverfisstofnun á reglugerð um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, en þar kemur m.a. fram í 24. gr. að skólp á vatnasviði Mývatns og Laxár skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.


Verndaráætlun og lög nr. 44/1999 um náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir einnig á að ofangreind tillaga að deiliskipulagi í landi Árbótar þarf að vera í samræmi við Verndaráætlun Mývatns og Laxár 2011 - 2016 sem staðfest var af umhverfis- og auðlindaráðherra.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi í væntanlegri deiliskipulagstillögu hvort vistkerfi eða jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar og falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd eru á skipulagssvæðinu.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

